

# LEIÐBEINANDI MÓTAREGLUR BADMINTONSAMBANDS ÍSLANDS

## 1. grein

Reglur þessar gilda um opinber badmintonmót sem eru háð innan vébanda Badminton sambands Íslands (BSÍ) og eru skráð á mótaskrá BSÍ. Opinber mót teljast þau mót, þar sem fleiru en einu félagi er heimil þátttaka í.

## 2. grein

Verði af einhverjum ástæðum að fresta mót og/eða breyta dagsetningu skal það gert í samráði við BSÍ.

## 3. grein

### Þátttakendur:

- Mót á mótaskrá BSÍ eru opin öllum badmintonspilurum, þó eru Meistaramót Íslands og Unglingameistaramót Íslands undanskilin. Þar þurfa þátttakendur að vera íslenskir ríkisborgarar og vera búnir að vera meðlimir í íslensku badmintonfélagi í að minnstakosti einn mánuð. Um hlutgengi í Deildakeppni BSÍ má sjá nánar í reglum um Deildakeppni BSÍ.

## 4. grein

### Skráning í mót:

- Mótsboð skal berast BSÍ og öllum aðildarfélögum þess eigi síðar en þrem vikum fyrir mót. Mótsboð skal innihalda upplýsingar um: Keppnisstað og tíma, síðasta skráningar dag, þáttökugjöld og tengilið sem veitir upplýsingar um mótið.
- Mótsskrá skal gefin út eigi síðar en einum sólarhring áður en mót hefst.
- Mælst er til þess að félög noti hugbúnaðinn Badminton Tournament Planner þegar badmintonmót eru skipulögð til að niðurröðun og úrslit þeirra séu sem aðgengilegust á netinu.
- Aðildarfélag sem skráir leikmenn í mót ber ábyrgð á að mótsgjöld séu greidd og að forföll séu tilkynnt um leið og þau koma í ljós.

## 5. grein

### Úrslit móta:

- Úrslit úr mótum eiga að berast til BSÍ strax í mótislok. Senda skal úrslitin á [bsi@badminton.is](mailto:bsi@badminton.is)

## 6. grein

### Mótsstjórn:

- Mótsstjórn er skipuð af mótshaldara. Ávalt skal einn aðili vera titlaður mótsstjóri.
- Ef mót er í samvinnu BSÍ og aðildarfélags skal mótanefnd BSÍ skipa mótsstjórn í samráði við aðildarfélagið.
- Mótsstjórn skal sjá um að mótsboð séu rétt framkvæmd, yfirfara skráningu, sjá um að draga í mótið, gefa út mótaskrá og að rétt sé farið með styrkleikaraðanir samkvæmt íslenska styrkleikalistanum.
- Mótsstjórn ásamt aðildarfélagi mótsins skal sjá um framkvæmd mótsins og fá til liðs við sig þá sem koma að mótinu eins og dómara, línudómara og annað starfsfólk.
- Þegar ekki er yfirdómari er mótsstjóri yfirdómari.

## 7. grein

### Íslenski styrkleikalistinn:

- Þeir leikmenn sem taka þátt í þeim mótum sem eru á mótaskrá BSÍ fá stig inná íslenska styrkleikalistann samkvæmt 8. grein.

### Fullorðinsflokkar:

- Listinn er árslisti í fullorðinsflokkum þar sem mótin falla út að ári liðnu. Árið er frá 1. júlí til 30. júní ár hvert.
- Fimm bestu mót keppenda á árinu mynda listann.
- Leikmenn fá alltaf stig sem einstaklingar á styrkleikalistanum í öllum greinum.
- Stig keppenda sem keppt hefur í hærri styrkleikaflokki á tímabilinu skal leggja saman við stig hans í þeim flokki sem hann tilheyrir. Ekki er heimilt að færa stig sem eru áunnin í lægri styrkleikaflokki með sér upp um flokk. Þau telja aðeins í þeim flokki sem þau eru áunnin í.

### Unglingaflokkar:

- Leikmenn fá alltaf stig sem einstaklingar á styrkleikalistanum í öllum greinum.
- Stig keppenda sem keppt hefur í hærri styrkleikaflokki á tímabilinu skal leggja saman við stig hans í þeim flokki sem hann tilheyrir. Ekki er heimilt að færa stig sem eru áunnin í lægri styrkleikaflokki með sér upp um flokk. Þau telja aðeins í þeim flokki sem þau eru áunnin í.
- Badminton samband Íslands gefur út nýjan styrkleikalista til röðunar í fyrsta mót nýs tímabils.

## 8. grein

### Stigagjöf styrkleikalistans:

		Mfl.	Afl.	Bfl.
Sæti	vægi %			
1.	1,00	180 / 144	180 / 144	180 / 144
2.	0,75	135 / 108	135 / 108	135 / 108
3.-4.	0,50	90 / 72	90 / 72	90 / 72
5.-8.	0,25	45 / 36	45 / 36	45 / 36

Sæti	vægi %		-19	-17
1.	1,00		180 / 144	180 / 144
2.	0,75		135 / 108	135 / 108
3.-4.	0,5		90 / 72	90 / 72
5.-8.	0,25		45 / 36	45 / 36

		-15	-13	-11
Sæti	vægi %			
1.	1,00	180 / 144	180 / 144	180 / 144
2.	0,75	135 / 108	135 / 108	135 / 108
3.-4.	0,50	90 / 72	90 / 72	90 / 72
5.-8.	0,25	45 / 36	45 / 36	45 / 36

Dæmi: 180/144

Stigin eru fyrir einliðaleik/tvíliða og tvenndarleik þ.e.

180 stig fyrir einliðaleik, 144 stig fyrir tvíliðaleik og 144 stig fyrir tvenndarleik.

## 9. grein

### Röðun í mót:

- Raða skal eftir styrkleikalista BSÍ í þau mót sem eru á mótaskrá BSÍ að undanskildu Meistaramóti Íslands sjá 10. grein og Íslandsmót Unglinga sjá 11. grein.
- Raða má allt að 4 þegar skráningar eru 31 eða færri. Raða má allt að 8 þegar skráningar eru fleiri en 32.
- Mótsstjórn hefur leyfi til að veita erlendum gestum eða íslenskum keppendum sem æfa erlendis röðun í móti telji hún öruggt að keppendurnir séu sterkari en leikmenn sem eru á styrkleikalista BSÍ.

## 10. grein

### Meistaramót:

- Íslandsmeistari síðasta árs sem æfir og keppir erlendis, fær fyrstu röðun að því tilskyldu að hann hafi æft og keppt á minnst 4 mótum á yfirstandandi keppnistímabili. Liðakeppni erlendis telst eitt mót.
- Ef keppandi í einliðaleik er ofar en 150 á styrkleikalista BWF, þá gildir sá listi og íslenski styrkleikalistinn þar á eftir. Ef lið í tvíliðaleik eða tvenndarleik er ofar en 120 á styrkelikaslista BWF, þá gildir sá listi og íslenski stigalistinn þar á eftir.
- Raða skal að öðru leiti eftir styrkleikalista BSÍ. Ef keppendur eru jafnir að stigum fær sá röðun sem fékk fleiri stig í greininni á síðasta móti.
- Bikarar mótsins vinnast til eignar ef hann er unninn þrisvar í röð eða unninn af sama keppanda/pari fimm sinnum.

## 11. grein

### Íslandsmót Unglinga:

- Raðað er í mótið samkvæmt íslenska styrkleikalistanum. 5 bestu mót spilara eru notuð til röðunar.
- Mótsstjórn hefur rétt til að meta keppendur sem búsettir eru erlendis inn í mótið.
- Bikarar mótsins eru eignabikarar.
- Veittur er eignabikar fyrir þrjú besta lið mótsins.

## 12. grein

### Dómarar:

- Leitast skal við að hafa dómara á öllum leikjum í meistaraflokki.
- Æskilegt er að þeir dómara sem dæma í meistaraflokki hafi allir tekið dómara námskeið BSÍ.
- Leitast skal við að hafa dómara á úrslitaleikjum í öllum öðrum flokkum.

## 13. grein

### Línuverðir:

- Í mótum þar sem ekki eru notaðir línuverðir í öllum leikjum skulu þeir vera til taks ef dómari biður um þá.
- Skulu ávallt vera 14 ára á árinu eða eldri og hafa hlotið viðeigandi kennslu.